

Bæjarráð Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

24. ágúst 2016

Efni: Aðstaða fyrir bílaþríf í bílakjallara


Ég undirritaður, Shantha Mudiyansele, hef áhuga á að kanna hvort möguleiki væri á að fá að leigja aðstöðu í bílakjallaranum við Garðatorg til að geta boðið upp á þjónustu við þríf á bílum.

Á meðfylgjandi teikningu má sjá að um væri að ræða rými sem samsvarar tveimur bílastæðum í norðvestur horni bílakjallarans. Starfsemin er hugsuð þannig að ég einn væri starfsmaður og starfsleyfis væri aflað hjá viðkomandi yfirvöldum.


Ef afstaða til erindisins er jákvæð verður næsta skref að leggja fram teikningar til byggingarfulltrúa og fá samþykkt leyfi til framkvæmda.


Varðandi upplýsingar um mig að þá hef ég undanfarin ár starfað hjá Olís, Garðabæ og við ræstingar á bæjarskrifstofum Garðabæjar ásamt því að hafa umsjón með bílakjallaranum frá því hann var tekinn í notkun. Ég flutti til Íslands frá Sri Lanka fyrir um átta árum og bý ásamt eiginkonu og þremur börnum í Hrísmóum 4, Garðabæ. Fjölskyldan fékk íslenskan ríkisborgararétt á síðasta ári.

Með vinsemd,


Shantha Mudiyansele
kt. 240876-2999

Skjal sótt af '000000000000' dags: 25.03 2026





Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026